



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. 133/250
komudagur 133/2006

Reykjavík 23.11 2006.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsáýktunar um afnám refsíákvæða vegna ærumeiðinga (~~21-mál~~). 294. mál

Í tillögunni er fjallað um refsingar og skaðabætur vegna ærumeiðinga. Um sama efni er að hluta fjallað í umsögn ASÍ um ~~21-mál~~ og vísast til þeirrar umsagnar hvað varðar þátt skaðabótaréttarins. 294. mál

Á það er bent sérstaklega að í mörgum tilfellum skal sækja refsingar vegna ærumeiðinga með einkarefsimálum. Það fyrirkomulag hefur reynst vel og engin ástæða er til þess að breyta því auk þess sem dómstólar eru mjög sparsamir í mælingu refsinga. Íslensk lagahefð virðist því hafa fundið nokkuð gott jafnvægi í meðhöndlun mála vegna ærumeiðinga þó ætíð geti verið ástæða til þess að huga að samræmi íslenskra laga og alþjóðasamninga um verndun mannréttinda.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ